



Reglur um bankaviðskipti starfsmanna

Janúar 2023



Reglur þessar eru hluti af heildarreglum bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og eru birtar sérstaklega á vef Íslandsbanka. Reglurnar eru samþykktar af stjórn bankans og þær skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Starfsmenn skulu við upphaf starfs hjá bankanum staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni reglnanna.

Reglur um bankaviðskipti starfsmanna

Reglur þessar gilda um bankaviðskipti Íslandsbanka annars vegar og starfsmanna eða aðila í nánnum tengslum¹ við þá hins vegar.

Um bankaviðskipti bankastjóra og lykilstarfsmanna, og aðilum í nánnum tengslum við þá, gilda ákvæði reglna þessa. Því til viðbótar gilda viðeigandi ákvæði starfsreglna stjórnar Íslandsbanka um slík viðskipti.

Bankaviðskipti starfsmanna Íslandsbanka

Bankaviðskipti starfsmanna Íslandsbanka, eða aðila í nánnum tengslum við þá, skulu, nema annað sé sérstaklega tilgreint, lúta sömu reglum og bankaviðskipti almennra viðskiptavina Íslandsbanka, í sambærilegum viðskiptum.

Heimilt er að bjóða starfsmönnum bankans tiltekin starfsmannakjör í viðskiptum við bankann. Starfsmannakjörin skulu vera almenn og standa starfsmönnum til boða. Með starfsmannakjörum er einkum átt við afslátt frá tilteknum liðum í gjaldskrá eða bætt vaxtakjör á tilteknum tegundum bankareikninga eða útlána. Bankastjóri ber ábyrgð á að ákvarða starfsmannakjör, eða fela tilteknum framkvæmdastjóra að ákvarða þau.

Lánveitingar til starfsmanna og maka skulu ávallt vera í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir, gildandi lánareglur bankans og aðrar verklagsreglur.

Starfsmönnum kann að vera boðinn afsláttur af verðskrá bankans vegna viðskipta með fjármálagerninga, en njóta ekki annarra sérkjara í tengslum við slík viðskipti.

Sjálfsafgreiðsla óheimil

Starfsmanni er óheimilt að framkvæma eða koma að hverskonar afgreiðslu fyrir eigin hönd í kerfum bankans. Þá er starfsmanni óheimilt að koma að afgreiðslu viðskipta aðila sem er í nánnum tengslum við viðkomandi starfsmann. Starfsmönnum er þó heimilt að afgreiða sig í sjálfsafgreiðslutækjum, svo sem hraðbanka, netbanka og appi.

¹ Sbr. 23. tl. 1. mgr. 1. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.